

Nd. 360. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Ragnar Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Níkhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Níkhól.

Jörðin Holt var í mörg ár í eigu og ábúð Jóhönnu Sæmundsdóttur og manns hennar, Þorsteins Einarssonar, sem nú er látinn. Þau hjón seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Fór salan fram sökum hættu á spjöllum á landi jarðarinnar, þegar Hafursá var veitt úr fyrra farvegi sínum vegna brúargerðar á þjóðveginum um Mýrdal. Jóhanna hefur haft afnot jarðarinnar, síðan hún fór í eyði, og hefur nú hug á, að hún komist aftur í eigu ættarinnar.